



## Faghópur II

### Fundargerð 7. fundar

**Iðnaðarráðuneytinu 30. apríl 2009, kl. 8:30**

**Mætt:** Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Ólafur Örn Haraldsson, og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

**Forföll:** Jóhannes Sveinbjörnsson, Sveinn Runólfsson.

#### Fundarfrásögn:

- 1. Fundargerð síðasta fundar** var samþykkt.
- 2. Viðföng.** Stutt umræða var um viðföng í ferðaþjónustu og útivist.
- 3. Betri kort.** Fram kom að rík ástæða er til að fá aðgang að betri kortum, m.a. kort er sýna lónstæði, gönguleiðir, vegi og slóða. Starfsmanni var falið að kanna möguleika á að útbúið verði eitt kort er sýni sem mestar upplýsingar. Einnig leita upplýsinga/korta þar sem ofangreindir þættir koma fram.
- 4. Heimildarýni.** Borist hefur tillaga frá Rannsóknamiðstöð ferðamála um heimildarýni vegna vinnu hópans. Ákveðið var að verja takmörkuðum fjármunum til að kalla til og leita upplýsinga, ráðgjafar og álits hjá ferðamálafulltrúum, markaðsskrifstofum og staðkunnugum. Slíka upplýsingaöflun þarf að vanda og fylgja vel eftir.
- 5. Vettvangsferð.** Hópurinn stefnir að því að fara í vettvangsferð á Reykjanes á næstu vikum.
- 6. Næsti fundur** verður haldinn í Iðnaðarráðuneytinu þann 14. maí kl. 8:30. Efni fundarins verður að skilgreina viðföng og setja af stað matsferli samkvæmt aðferðafræðinni.